

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Eystri-Loftsstaðir 10, L227155 og 12, L227157.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til lóða Eystri-Loftsstaða 10 og 12. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, gestahús, skemmu og hesthús. Jafnframt gerir skipulagið ráð fyrir að heimilt verði að sameina lóðirnar í eina lóð. Innan skipulagsins eru skilgreindir tveir byggingarreitir A og B. Á byggingarreit A er gert ráð fyrir byggingarmagni að 500 fm. Á byggingarreit B er gert ráð fyrir byggingarmagni allt að 600 fm. Samþykkt í sveitarstjórn 6. febrúar 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Gaulverjabæjarskóli, L165520, aukið byggingarmagn.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi. Í henni felst að heimild fyrir gistihúsum á byggingarreit C verði aukin úr 40 fm í 45 fm. Samþykkt í sveitarstjórn 2. júlí 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Lækjarholt 4, L231163, byggingarreitir gistihúsa og nafnabreyting lóðar.

Í breytingunni felst uppfærsla á staðföngum auk þess sem skilgreindir eru byggingarreitir fyrir 7 gistihúsi í landi Lækjarholts 4. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Samþykkt í sveitarstjórn 2. júlí 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. ágúst 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 26. ágúst 2024